

Umhverfisnefndarfundur 10. maí 2019, kl 8:55

Mættir: Guðrún Ása, Daníel, Margrét, Vala, Ingibjörg, Kolbrún, Tristan, Lea, Salka, Hilmir Dreki, Ívar, Sirrý, Jóna Björg, Íris.

1. Nemendur skiluðu gátlistum fyrir vorið.
2. Farið yfir markmiðasetningu ársins, þau verkefni sem verða unnin.
3. Ákveðið að elstu nemendur myndu skrifa bréf til að senda til sveitarstjórnar til að óska eftir því að fá upplýsingar um það hvort að það sé mengun í neysluvatni í sveitarfélaginu.
4. Rætt um það að hvernig best er að hengja upp umhverfissáttmála þannig að hann tolli betur á veggjunum. Jafnvel hægt að setja á umhverfisvegg sem væri gaman að gera á gangi skólans.
5. Talað um að það vanti skilti við leikskólann til að minna foreldra á að drepa á bílvélum á meðan farið er inn í leikskólann.
 - a. Biðja sveitarstjórn að panta varanlegt skilti, t.d. frá Sólheimum.
6. Nemendur minntir á að þeir þurfa að upplýsa bekkjafélagana um það sem gerist á umhverfisnefndarfundum af því að þeir eru fulltrúar síns bekkjar.
7. Setja upp verklag til þess að muna að fara oftari yfir umhverfissáttmála í framtíðinni þannig að nemendur þekki hann betur og vita hvað stendur í honum.

Fundargerð ritaði Guðrún Ása

Fundi slitið kl. 9.30